

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 7. tbl. 9. árg. 2015

Myndir augnabliksins eru frá útitíma 1. bekkjar Glerárskóla.



Viðurkenning skólanefndar fyrir framúrskarandi skólastarf.

Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skal árlega veita þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi viðurkenningar. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenningin nær til.

Skólanefnd hefur frá árinu 2010 veitt einstaklingum og/eða stofnunum sem skarað hafa fram úr viðurkenningar við hátiðlega athöfn. Veittar eru viðurkenningar í tveimur flokkum, annars vegar skólar/kennarahópar/kennari og hins vegar nemendur. Grunnskólar og Tónlistarskólinn setja sér almennar reglur um það hvaða nemendur þeir tilnefna til viðurkenninga. Í flokknum skólar/kennarahópar/kennari geta foreldrar, nemendur, kennarar, skólar og bæjarstofnanir tilnefnt verkefni í skóla og/eða einstaklinga, til viðurkenningar.

Tilnefningar fyrir skólaárið 2014-2015 skulu berast rafrænt fyrir **20. apríl** næstkomandi. Viðurkenningar verða afhentar við hátiðlega athöfn í maí og verður nánari dagsetning um viðburðinn send út síðar.

Frekari upplýsingar um viðurkenningu skólanefndar [má finna hér](#).

Litla upplestrarkeppnin.

Nú í apríl og maí fara fram lokahátíðir Litlu upplestrarkeppninnar í grunnskólum Akureyrar. Litla upplestrarkeppnin er fyrir nemendur í 4. bekk og er þetta þriðji veturinn sem grunnskólar Akureyrar taka þátt. Markmið Litlu upplestrarkeppninnar er að geta lesið upp sjálfum sér og öðrum til ánægju og er það ávallt haft að leiðarljósi að allir nemendur komi fram á hátíðunum og lesi ýmist í talkórum eða á þann hátt sem kennari stýrir hátíðinni. Allir eru sigurvegarar, allir fá viðurkenningarskjal og markmiðið með keppnishug-takinu er að verða betri í lestri í dag en í gær en ekki að keppa við aðra en sjálfan sig.

Verkefnið er á landsvísi. Í greinargerð frá kennurum sem teknar eru saman á hverju vori kemur fram að Litla upplestrarkeppnin sé verkefni sem skili miklum árangri og sé góður grunnur að betri lestrarfærni og skilningi á því efni sem nemendur lesa. Þá er verkefnið tilvalið til að auka tengsl heimila og skóla.

Morgunmóttaka í Brekkuskóla.

Morgunmóttaka í 9. og 10. bekk í síðustu viku. Nemendur og foreldrar fengu kynningu á því hvernig hægt er að nýta verkfæri uppbygginga-stefnunnar um GÆÐAVERÖLDINA til að velta fyrir okkur hvernig við viljum hafa umhverfið sem við lifum í.


Í morgunmóttökunni að þessu sinni var umræðan um það hvernig viljum við hafa skólann okkar. Til að leita svara við því voru lagðar fram spurningar sem nemendur svöruðu.

Nemendum og kennurum var skipað í 15 hópa þar sem þrjár eftirfarandi spurningar voru ræddar:

1. Hvað einkennir góðan skóla?
2. Hvað finnst mér mikilvægast í samskiptum?
3. Hvað getum við gert til að ná þessu fram?

Hóparnir skrifuðu niðurstöður hópanna á miða og skiluðu á veggspjald. Stefnt er að því að vinna með niðurstöðurnar áfram í umsjónartímum bekkja.

Tekið af vef skólans: brekkurskoli.is



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Fiðla og fótstigið.

Fiðluleikarinn Lára Sóley og organistinn Eyþór Ingi halda skóla-tónleika víðsvegar á Norðurlandi. Nú þegar hafa þau heimsótt nokkra skóla á Akureyri, í Hríssey, Grímsey og Hrafnagili. Fyrirhugaðar eru heimsóknir í Brekkuskóla, Glerárskóla, Oddeyrar-skóla og Grenivíkurskóla. Verkefnið er samstarfsverkefni þeirra Eyþórs og Láru Sóleyjar og er draumurinn að geta boðið upp á tónleika í öllum skólum á Norðausturlandi. Leikin er tónlist eftir nokkur af þekktustu tónskáldum tónlistarsögunnar. Það er flytjendum mikilvægt að börn og ungmenni fái tækifæri til að fræðast og hlusta á klassíska tónlist í sínu nær umhverfi. Mozart á moldargóflí, Schubert í sauðskinnsskóm, Liszt í lopapeysu, Handel með hangikjöti og Lully lundabaggi eru uppskriftir tónleikanna.



Leikið er á fiðlu og fótstigið orgel, harmoníum. Flytjendur eru í þjóðbúningum og notast jafnframt við skjávarpa þar sem myndum og fræðslu frá viðeigandi tónlistartímabilum er varpað upp. Leitast er við að tónleikagestir taki virkan þátt í tónleikunum meðal annars með söng og klappi. Með tónleikunum vilja flytjendur auka áhuga og þekkingu á klassískri tónlist og ala upp hlustendur og leikendur þess konar tónlistar. Verkefnið er styrkt af Norðurorku og Akureyrarstofu.

Heimsókn á listasafn – Myndlistaval.

Nemendur í myndlistavali í Glerárskóla fóru í safnaferð á dögum. Safnakennari leiðbeindi þeim um Listasafnið og Ketilhúsið og þar sáu þeir yfirlitssýningar tveggja listamanna sem voru mjög ólíkar. Í sínum fjölbreytileika buðu þær upp á ýmskonar aðferðir, mismunandi vinnubrögð og hugmyndafræði við myndgerð.



Nýlegt efni frá Námsgagnastofnun.

Brennu-Njáls saga – Fyrri hluti .

Brennu-Njáls saga er í flokki bóka sem eru endursagnir á þekktum skáldsögum. Þetta er fyrri hluti sögunnar. Hver saga er 55 bls. auk viðauka þar sem farið er í bakgrunn sögunnar. Seinni hluti sögunnar kemur út í vor.

Höfundur: Endursögn: Brynhildur Þórarinsdóttir.

Myndefni: Halldór Baldursson

Gleraugun hans Góa - Auðlesin sögubók.

Bók í flokknum *Auðlesin sögubók*. Góí fær senda gjöf frá afa á afmælinu sínu. Verður auðveldara fyrir Góa að eignast vini eða verður lífið flóknara en það var?

Höfundur: Arndís Þórarinsdóttir

Myndefni: Árni Jón Guðmundsson

Heimur í hendi – Hraðar - hærra - sterkar.

Hraðar - hærra - sterkar er í flokki leshetta fyrir mið- og unglíngastig grunnskóla. Efnið tekur mið af áhugamálum nemenda. Í heftinu er fjallað um sögu Ólympíuleikanna að fornu og nýju; sumarleika, vetrarleika, Smáþjóðleika og Ólympíuleika fatlaðra.

Höfundur: Helgi Grímsson

Hundakunstir – Sestu og lestu.

Bók í flokknum – *Sestu og lestu*. Efni ætlað börnum á yngsta- og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tókum á undirstöðuatriðum lestar.

Bókinni er ætlað að vekja með börnum lestrargleði og áhuga og kynna fyrir þeim mismunandi framsetningu texta.

Höfundur: Kristjana Friðbjörnsdóttir

Myndefni: Karl Jóhann Jónsson

Komdu og skoðuðu eldgos.

Bók í flokknum Komdu og skoðuðu ...

Við gerð bókarinnar var tekið mið af áherslum námskrár í náttúrufræði og samfélagsgreinum.

Í þessari bók, sem er einkum ætluð nemendum á yngsta stigi er fjallað um orsakir eldgosa og jarðskjálfta og viðbrögð við þeim, uppbyggingu jarðar, jarðskorpufleka og eldgos á Íslandi. Kennsluleiðbeiningar eru væntanlegar á vefinn Komdu og skoðuðu ...

Höfundur: Ragnheiður Gestsdóttir

Myndefni: Ragnheiður Gestsdóttir

Sjá nánar á: <http://www.nams.is/>

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 30. apríl